

16-feb-2023


Sláturfélag Suðurlands svf. - Afkoma ársins 2022
Samstæða

Rekstur	2022	2021	2020	2019	2018
Fjárhæðir í m.kr.					
Rekstrartekjur	15.756,7	13.023,1	11.351,5	12.068,8	11.571,1
Aðrar tekjur	87,7	134,8	78,8	98,6	150,6
Vöru- og umbúðanotkun	(7.905,5)	(6.315,9)	(5.334,6)	(5.651,4)	(5.360,7)
Laun og launatengd gjöld	(3.983,9)	(3.604,8)	(3.573,3)	(3.612,3)	(3.448,1)
Annar rekstrarkostnaður	(2.488,1)	(2.211,2)	(2.159,4)	(2.176,5)	(2.123,3)
Afskriftir fastafjármuna og nýtingarréttar	(488,7)	(481,3)	(485,8)	(474,7)	(429,6)
Rekstrarhagnaður(tap)	978,2	544,7	(122,8)	252,5	360,0
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(321,1)	(260,2)	(207,9)	(195,9)	(135,3)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	19,0	8,1	3,5	29,2	0,0
Hagnaður(tap) fyrir skatta	676,1	292,6	(327,2)	85,8	224,7
Tekjuskattur	(126,7)	(59,1)	68,2	(7,6)	(45,7)
Hagnaður(tap) ársins	549,4	233,5	(259,0)	78,2	179,0
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta	1.452,0	955,7	361,3	716,8	786,7
Efnahagur	31.12.22	31.12.21	31.12.20	31.12.19	31.12.18
Fjárhæðir í m.kr.					
Fastafjármunir	7.693,6	6.474,6	6.685,1	6.728,6	6.170,0
Veltufjármunir	5.745,2	4.156,2	3.400,2	3.151,6	3.112,4
Eignir	13.438,8	10.630,8	10.085,3	9.880,2	9.282,4
Eigið fé	6.590,8	5.349,5	5.046,2	5.335,9	5.328,9
Þar af A og B-deild stofnsjóðs	547,3	530,1	537,3	534,8	533,5
Langtímaskuldir og skuldbindingar	3.968,0	3.527,3	3.110,1	3.200,7	2.435,7
Skammtímaskuldir	2.880,0	1.754,0	1.929,0	1.343,6	1.517,8
Skuldir	6.848,0	5.281,3	5.039,1	4.544,3	3.953,5
Eigið fé og skuldir	13.438,8	10.630,8	10.085,3	9.880,2	9.282,4
Kennitölur					
EBITDA	1.466,9	1.026,0	363,0	727,2	789,6
Innra virði	12,0	10,1	9,4	10,0	10,0
Veltufjárhlutfall	2,0	2,4	1,8	2,3	2,1
Eiginfjárhlutfall	49%	50%	50%	54%	57%
Ársverk					
Unnin ársverk	437	438	460	498	476



Reykjavík, 16. febrúar 2023.

Fréttatilkynning frá Sláturfélagi Suðurlands svf.

Afkoma ársins 2022

- **Rekstrartekjur ársins 15.757 m.kr. en 13.023 m.kr. árið 2021**
- **549 m.kr. hagnaður á árinu á móti 234 m.kr. hagnaði árið áður**
- **EBITDA afkoma var 1.467 m.kr. en 1.026 m.kr. árið 2021**
- **Eigið fé 6.591 m.kr. og eiginfjárlutfall 49%**

Samstæðuársreikningurinn samanstendur af ársreikningi Sláturfélags Suðurlands svf. og dótturfélaga þess, Reykjararðs hf. og Hollt og gott ehf.

Hagnaður samstæðu Sláturfélags Suðurlands á árinu 2022 var 549 m.kr. Árið áður var 234 m.kr. hagnaður. Betri markaðsaðstæður og aðgerðir sem gripið var til skýra bættu afkomu frá fyrra ári. Eigið fé er 6.591 m.kr. og eiginfjárlutfall samstæðunnar er 49%.

Rekstrartekjur samstæðu Sláturfélags Suðurlands voru 15.757 m.kr. árið 2022, en 13.023 m.kr. árið áður og hækka því um 21%. Aðrar tekjur voru 88 m.kr. en 135 m.kr. árið áður.

Vöru- og umbúðanotkun var 7.906 m.kr. en 6.316 m.kr. árið áður. Launakostnaður var 3.984 m.kr. og hækkaði um tæp 11%, annar rekstrarkostnaður var 2.488 m.kr. og hækkaði um tæp 13%. Afskriftir hækkuðu um tæp 2%. Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda var 978 m.kr., en 545 m.kr. rekstrarhagnaður árið áður. Hagnaður fyrir fjármagnsgjöld og afskriftir (EBITDA) var 1.467 m.kr. en var 1.026 m.kr. árið áður.

Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur voru 321 m.kr., en voru 260 m.kr. árið áður. Gengistap var 16 m.kr. samanborið við 4 m.kr. gengistap árið áður.

Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna var jákvæð um 19 m.kr.

Reiknaður gjaldfærður tekjuskattur er 127 m.kr. en 59 m.kr. árið áður. Hagnaður af rekstri ársins var 549 m.kr. en 234 m.kr. hagnaður árið áður.

Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta var 1.452 m.kr. árið 2022 samanborið við 956 m.kr. árið 2021. Heildareignir Sláturfélagsins 31. desember 2022 voru 13.439 m.kr. og eiginfjárlutfall 49%. Veltufjárlutfall var 2,0 árið 2022, en 2,4 árið áður.

Fjárfest var á árinu fyrir 671 m.kr. í varanlegum rekstrarfjármunum en 362 m.kr. árið áður. Seldar voru eignir fyrir 26 m.kr. Á árinu var fjárfest í fasteignum fyrir 206 m.kr., vélum og tækjabúnaði fyrir 359 m.kr. og bifreiðum 106 m.kr.

Samkvæmt samþykkt aðalfundar félagsins í mars 2022 var í aprílmánuði greiddur 14,84% arður af B-deild stofnsjóðs alls 27 m.kr. og reiknaðir 6% vextir á A-deild stofnsjóðs alls 21 m.kr.

Stjórnin staðfesti endurskoðaðan ársreikning félagsins á stjórnarfundum í dag. Ársreikningurinn er aðgengilegur á heimasíðu SS: www.ss.is

Sláturfélagið er skráð á First North markaðinn hjá NASDAQ OMX. Sláturfélagið birtir upplýsingar um afkomu á sex mánaða fresti. Ráðgert er að birta afkomu fyrri árshelmingss ársins 2023 þann 24. ágúst 2023.

Aðalfundur

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands verður haldinn föstudaginn 17. mars n.k. Stjórn félagsins mun þar leggja til að greiddur verði 19,34% arður af B-deild stofnsjóðs, þar af verðbótarpáttur 9,34%, alls 34,8 m.kr. eða 0,1934 kr. á hvern útgefn hlut og reiknaðir 7,5% vextir á höfuðstól inneigna í A-deild stofnsjóðs, alls 27,5 m.kr.



Staða og horfur

Fjárhagsstaða Sláturfélagsins er traust með 49% eiginfjárlutfall og veltufjárlutfall 2,0. Langtímatímaskuldir í lok árs voru 2.678 m.kr. Næsta árs afborganir eru um 95 m.kr. en lán samstæðunnar eru til langs tíma. Lausafjárstaða félagsins er einnig góð en handbært fé var um áramót 1.256 m.kr. og góður aðgangur að skammtímafjármögnun sé þess þörf.

Rekstrartekjur samstæðunnar hækkuðu um 2.734 m.kr. eða um 21% vegna betri markaðsaðstæðna og aðgerða til að auka tekjur. Staðan á veitingamarkaði batnaði auk þess sem samstæðan styrkti stöðu sína á smásölumarkaði og sölu rekstrarvara til bænda. Afkoma Sláturfélagsins batnar milli ára um 316 m.kr.

Framleiðsla kjöts á landsvísu stóð í stað á árinu 2022 en sala jókst um 3,2%. Áhyggjuefni er áætlaður samdráttur í kindakjötsframleiðslu á komandi árum en afkoma bænda í greininni hefur verið slök og brýnt að hún verði bætt. Hækkanir á hrávörumarkaði hafa verið miklar einkum á áburði, kjarnfóðri og öðrum rekstrarvörum bænda. Mikilvægt er að stuðningur verði áfram við greinina til lengri tíma en annað getur haft mjög neikvæð áhrif á innlenda matvælaframleiðslu. Áfram er gert ráð fyrir neikvæðum áhrifum af innflutningi kjötvara á afkomu afurðahluta samstæðunnar.

Matvælaíðnaður félagsins stendur vel. Á árinu var fjárfest í nýjum vélbúnaði til að auka enn frekar hagkvæmni matvælaframleiðslunnar. Ímynd félagsins á markaði er góð og staða lykilvörumerkja sterk sem treystir grundvöll fyrir áframhaldandi uppbyggingu félagsins sem leiðandi aðila á kjötmarkaði.

Sala á innflutningsvörum, matvælum og búrekstrarvörum jókst verulega milli ára. Góð tækifæri eru til frekari vaxtar en félagið er í samstarfi við leiðandi aðila á sínu sviði.

Fjárhagsdagatal

17. mars 2023	Aðalfundur 2022
24. ágúst 2023	Árshlutauppgjör jan-jún 2023
15. febrúar 2024	Ársuppgjör 2023
15. mars 2024	Aðalfundur vegna ársins 2023

Frekari upplýsingar veitir:

Steinþór Skúlason, forstjóri í síma 575 6000 – steinthor@ss.is
Hjalti H. Hjaltason, fjármálastjóri í síma 575 6000 – hjalti@ss.is